



SJÁLFBÆRNISTEFNA
SNÆFELLSNESS
2026-2035

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í málefnum umhverfis, menningar, samfélags og efnahags.

Snæfellsnes einkennist af náttúrufegurð og fjölbreytni, með stórbrotinn fjallgarð eftir allri miðjunni, glæsilegar sandstrendur, fagra eyjaklasa og Snæfellsjökul sem trónir yfir. Náttúra Snæfellsness er með eindæmum fjölbreytt á íslenskan mælikvarða, hvort sem litið er til landslags, jarðfræði eða lífríkis, en fimm svæði eru friðlýst í þeim tilgangi að vernda verðmæta náttúru og menningarminjar, þar á meðal Snæfellsjökulspjóðgarður. Norðurströnd Snæfellsness liggur að Breiðafirði, sem er verndaður með sérlögum um vernd Breiðafjarðar. Byggðin er dreifð og helstu atvinnuvegirnir eru útgerð, fiskvinnsla, ferðaþjónusta, menntun, landbúnaður, verslun og önnur þjónusta. Snæfellsnes á sér ríka sögu og menningararfleið sem skal varðveita eftir fremsta megni.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarna áratugi. Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur og Sveitarfélagið Stykkishólmur sett sér þessa sameiginlegu stefnu um sjálfbæra þróun með það að markmiði að samfélögin dragi úr neikvæðum umhverfisáhrifum sínum frá ári til árs.

Framtíðarsýn

Reynslan hefur sýnt okkur að til að ná settum markmiðum þarf vilja og stundum hugarfarsbreytingu í samfélaginu öllu. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa lengi unnið að sjálfbærnimarkmiðum sínum, m.a. til að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Í dag er staðan orðin sú að við þurfum líka að hefja aðgerðir til að laga samfélagið að afleiðingum loftslagsbreytinga í okkar nærumhverfi; þar á meðal súrnun sjávar sem haft getur mikil neikvæð áhrif á sjávarútveg og lífríki sjávar, hækkandi sjávarborði sem huga þarf að við sjóvarnir og skipulag byggðar, og hopandi Snæfellsjökli sem hafa mun áhrif á ferðaþjónustu og ímynd Snæfellsness

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa í samstarfi unnið samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum um langt skeið, með það að leiðarljósi að byggja komandi kynslóðum framtíð þar sem jafnvægi ríkir á milli náttúru, samfélags og efnahags. Sveitarfélögin miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi sinni og láta vinnuafl, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs.

Þau beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í átt að sjálfbærari þróun.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun í samræmi við 5.gr laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Sjálfbærnistefna er verkfæri til að ná meiri árangri og að framfylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana, auk þess sem tekið er mið af öllum öðrum lögum, reglugerðum, samningum og öðrum samþykktum sem varða þá þætti sem stefnan nær til og finna má í laga- og reglugerðaskrá umhverfisstjórnunarhandbókar vegna umhverfisvottunar EarthCheck.

Framtíðarsýn

Á Snæfellsnesi er samstaða um að vinna í samræmi við staðal EarthCheck fyrir áfangastaði, siðareglur Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO), Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio De Janeiro árið 1992 og Parísarsamkomulagið frá 2015.

Þá munu sveitarfélögin vinna í samræmi við þá alþjóðlegu samninga á sviði náttúruverndar sem Ísland hefur fullgilt: Árósasamninginn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, einnig nefndur Árósasamningurinn (Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-Making and Access to Justice in Environmental Matters, aðild 2011). Aðgerðir í verndun vistkerfa og vistheimt uppfylla alþjóðlega samþykktir sem Ísland er aðili að; Samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, aðild 1994),

Samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, einnig nefndur Bernarsamningurinn (Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats, aðild 1993), Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einnig nefndur Hafréttarsamningurinn (United Nations Convention on the Law of the Sea, aðild 1985) og Samninginn um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla, einnig nefndur AEWA samningurinn (Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds, aðild 2013).

Jafnframt hafa sveitarfélögin skuldbundið sig til að fylgja Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026, þar sem framtíð Snæfellsness miðar að því að vernda og styrkja verðmæti svæðisins með náttúru jafnt sem núverandi og komandi kynslóðir í huga. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, stofnaður árið 2014, vinnur að því að efla samfélagið, bæta lífskjör og auka upplifun og vellíðan íbúa og gesta.

Gildissvið



Snæfellsnes þekur 1.469 km² svæði og nær yfir fjögur sveitarfélög. Á Snæfellsnesi búa um 4.000 manns.

Stefnan og losunarbókhald vegna auðlindanotkunar, úrgangslosunar og kolefnisbindingar nær fyrst og fremst til beinnar starfsemi sveitarfélaganna, þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, sundlaugar, bókasafna, hafna, bæjarskrifstofa, áhaldahúsa, félags- og öldrunarþjónustu og annarra viðeigandi stofnana.

Stefnan nær þó ekki aðeins til beins rekstrar á vegum sveitarfélaganna heldur einnig til samfélagslegrar losunar vegna skuldbindinga sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í umhverfisvottunarverkefni EarthCheck. Ástæða þess að hún felur einnig að hluta í sér samfélagið í heild, þótt sveitarfélögin hafi ekki stjórn á öllum þáttum samfélagsins, er sú að slík stefna er líklegri til árangurs fyrir umhverfi og samfélag. Aðgerðaáætlun mun því innihalda verkefni vegna beinnar starfsemi og samfélagslegrar losunar.

Yfirmarkmið

Yfirmarkmið sjálfbærnivinnu sveitarfélaga á Snæfellsnesi er að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni. Mikilvægur liður í því er að draga úr áhrifum mannsins á loftslag, en hvort tveggja er bæði náttúrunni og samfélögum manna í hag.

Markmið íslenskra stjórnvalda er að losun á beinni ábyrgð Íslands dragist saman um 55% árið 2030 miðað við árið 1990. Nýjasta útgáfa aðgerðaáætlunar stjórnvalda verður alltaf höfð til hliðsjónar við endurskoðun þessarar sjálfbærnistefnu.

Markmið sveitarfélaganna á Snæfellsnesi miðast við losun þeirra árið 2022. Miðað er við heildarlosun frá rekstri sveitarfélaganna út frá ákveðnum losunarstuðlum Umhverfis- og orkustofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hér á eftir eru markmiðin sett út frá flokkum sem miða við losun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerðir vegna markmiða má finna í aðgerðaáætlun hvers og eins sveitarfélags.

Tekið er fram að losunarbókhald á vegum Umhverfis- og orkustofnunar inniheldur ekki losunarstuðla fyrir öll markmið Snæfellsness, t.d. verndun vistkerfa og landnotkun. Yfirlýstur vilji sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er engu að síður að líta heildstætt á umhverfis- og loftslagsmál til að ná markvissum árangri og því nær stefna þessi yfir fleiri svið.

Orkusparnaður- og stjórnun

Sveitarfélögin munu leita leiða til að draga úr orkunotkun með því að skipta út orkufrekum búnaði fyrir annan sem krefst minni orku og viðhalds. Farið verði í aðgerðir til að draga úr rafmagnsnotkun og kyndingu, án þess að það hafi áhrif á starf stofnana. Umhverfissvænni og hagstæðustu orkugjafarnir njóti forgangs í stofnunum, t.d. rafmagn, jarðvarmi, vatnsorka eða varmadælur. Þá verði engin olía notuð til kyndingar í stofnunum sveitarfélaganna að undanskildum vararafstöðvum sem ganga fyrir olíu. Með bættri einangrun bygginga verður dregið úr þörf á kyndingu. Nánari aðgerðir verði í aðgerðaáætlun hvers sveitarfélags.



Lykilvið 1 Orkunýting-,
sparnaður- og stjórnun

Hringrásarhagkerfið

Með innleiðingu hringrásarhagkerfisins gefst tækifæri til að draga úr úrgangi og auka hlutfall úrgangs sem fer til endurvinnslu og að líta öðrum augum á úrgang, þ.e. sem auðlind. Úrgangur er hráefni sem þarf að koma í réttan farveg og draga þarf verulega úr óflokkuðum úrgangi sveitarfélaganna. Markmið hringrásarhagkerfisins verða annars vegar vegna innkaupa, svo sem að draga almennt úr neyslu, draga úr notkun skaðlegra efna, beina notkun yfir í margnota hluti í stað einnota og kaupa frekar vörur sem hægt er að endurnýta eða endurvinna, og hins vegar vegna úrgangslosunar, t.d. skilvirkari og ítarlegri flokkun úrgangs.

Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs bera sveitarfélög ábyrgð á að fylgja samþykktri svæðisáætlun og á sérsöfnun úrgangs við heimili og stofnanir. Á Snæfellsnesi er sérsöfnun við heimili, stofnanir og fyrirtæki. Á svæðinu eru þrjú megin gámasvæði. Auk þess hafa verið settir upp grenndargámar og gert er ráð fyrir að þeim fjölgi á næstunni.

Til að ná settum markmiðum í starfsemi sveitarfélaganna verður staðan metin hjá hverri stofnun fyrir sig og mikil áhersla lögð á fræðslu til þeirra sem starfa á og nota stofnanir í eigu sveitarfélaganna. Afraksturinn er ekki einungis umhverfislegur, heldur líka efnahagslegur og félagslegur.

Sveitarfélögin vinna samkvæmt hringrásarhagkerfinu og setja markmið um að draga úr úrgangsmyndun og að hlutfall úrgangs til endurvinnslu verði:

55% árið 2025,
60% árið 2030 og
65% árið 2035.

Markmiðin miðast við hlutfall úrgangs frá stofnunum sveitarfélagsins.

Úrgangur

Sérsöfnun skal ýmist vera við heimili og stofnanir eða í grenndargámum og gámasvæðum, eftir úrgangsflokkum (sjá töflu). Mikilvægt er að fræðslu- og kynningarefni sé aðgengilegt og skýrt og að úrgangslosun sé einföld, sem m.a. felur í sér að tunnur séu vel merktar með myndmáli og helstu tungumálum.

Á gámasvæðum Snæfellsness má á einfaldan hátt losa sig við t.d. hjólbarða, timbur, stór og smá raftæki, spilliefni og garðaúrgang, auk þess sem þar er aðstaða fyrir nytjahluti.

Markmið sveitarfélaganna er að starfsfólk, almenningur og aðrir notendur stofnana séu alltaf upplýstir um flokkun og aðgengi að flokkun sé gott.

Fylgst verði með tölulegum gögnum, m.a. hjá hverri stofnun, til að meta þróunina. Einnig er það mikilvægt að almenningur sé upplýstur um tilgang hringrásarhagkerfisins – draga úr neyslu, gera við hluti, endurnýta og endurvinna. Urðun verði allra síðasti valmöguleikinn.

Pappír og pappi	sérsöfnun við heimili og stofnanir
Plast	
Lífúrgangur	
Textíll	sérsöfnun í grenndargámum og gámasvæðum
Gler	
Málmar	
Spilliefni	



Innkaup

Við innkaup velja sveitarfélögin á Snæfellsnesi vörur og þjónustu sem eru síður skaðleg umhverfinu og heilsu fólks. Stuðlað er að því með því að auka þekkingu starfsfólks, sem annast innkaup og notar ýmis efni, á kostum vistvænna innkaupa. Einnig er lögð rík áhersla á að keyptar vörur og þjónusta séu úr heimabyggð eða nágrenni. Markmið Snæfellsness er að umhverfismerktir kostir séu ávallt valdir umfram aðra og að í heild verði hlutfall keyptra hreinsi- og hreinlætisefna ekki lægra en 50%. Úrval umhverfismerktra pappírsvara; skrifstofupappírs og hreinlætispappírs er mjög gott og hefur hlutfall keyptra pappírsvara hjá sveitarfélögunum á Snæfellsnesi verið á bilinu 97%-99% síðustu ár.



Lykilsvið 10
Geymsla og notkun efna sem
skaðleg eru umhverfinu

Samgöngur

Samkvæmt losunarbókhalði vegna starfsemi sveitarfélaganna eru samgöngur, einkum akstur og flug, ýmist annar eða þriðji mesti losunarpáttur á Snæfellsnesi. Hvort losunin sé önnur eða þriðja mesta fer eftir sveitarfélagi og ræðst aðallega út frá því hvort mikið sé um flug og akstur, en hægt er að sjá tölfræði hvers sveitarfélags hér að neðan.

Skráningarkerfi vegna aksturs og flugferða á vegum sveitarfélaganna verður komið á fót í hverju sveitarfélagi, sem auðveldar yfirsýn og söfnun upplýsinga. Þar að leiðandi verður auðvelt að meta árlega stöðu og fara í aðgerðir samkvæmt henni.

Markmið Snæfellsness er að draga úr kolefnislosun vegna ferðalaga. Munu aðgerðir hvers sveitarfélags miða m.a. út frá flugferðum, akstri vegna funda, skipti yfir í rafknúin ökutæki og aukið aðgengi að hleðslustöðvum.

Starfsfólk verði frætt um leiðir til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og hvatt til að nota aðra kosti, hvort sem þeir eru með rafknúnum ökutækjum, hjólum, tveimur jafnfljótum eða öðru.



Lykilsvið 2 Losun
gróðurhúsalofttegunda
Lykilsvið 8 Samgöngur

Verndun vistkerfa og landnotkun

Mesta losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kemur frá landnotkun, eða rúmlega helmingur allrar losunar frá Íslandi. Skipulag landnotkunar er mikilvægur þáttur umhverfismála, enda tengist hann m.a. vernd og eyðingu búsvæða ásamt mögulegum uppsprettum mengunar.

Mesta ógnin við líffræðilega fjölbreytni í dag er eyðing náttúrulegra búsvæða. Við skipulagsvinnu sveitarfélaga er því mikilvægt að hafa ávallt til hliðsjónar að raska sem minnst búsvæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt íslensku regluverki, hafa alþjóðlega hátt verndargildi eða eru mikilvæg í bindingu kolefnis.

Í aðalskipulagi sveitarfélaganna verði annars vegar tengsl skipulagsmála og landnotkunar við vernd líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagvána tekin fyrir og hins vegar mótvægisaðgerðir vegna framkvæmda sem geta haft neikvæð áhrif.

Sveitarfélögin beiti sér fyrir því að lágmarka neikvæð áhrif landnotkunar og draga úr kolefnislosun frá landi. Þetta má gera með vistheimt, t.d. endurheimt votlendis og birkiskóga sem og landgræðslu en allir þessir þættir stuðla að minni losun kolefnis í andrúmsloftið og binda kolefni í gróðri og jarðvegi, auk þess sem vistheimtaraðgerðir eru í takt við verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Til að vega upp á móti óhjákvæmilegri losun sveitarfélaga þarf kolefnisbinding að byggjast á vísindalegum grunni og fara fram í samstarfi við sérfræðinga. Kolefnisbinding er lykilatriði í aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2030, en til að hún skili árangri þarf einnig að draga úr losun og vernda náttúruleg vistkerfi.



Lykilsvið 6
Verndun- og stjórnun
vistkerfa

Verndun vistkerfa og landnotkun

Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga skulu taka mið af landsvæði og þörf hvers sveitarfélags. Í þeim komi fram hvernig sveitarfélagið hyggst bregðast við þeim breytingum sem loftslagsváin veldur á náttúru, líffræðilegum fjölbreytileika og lýðheilsu, ásamt atvinnuvegum og öðrum samfélagslegum þáttum.

Tap á búsvæðum er ein helsta ógnin við líffræðilega fjölbreytni. Náttúrulegum búsvæðum og innlendum tegundum getur stafað ógn af loftslagsbreytingum, framræslu votlendis, breytingum á vatnasviðum, óhóflegri beit með tilheyrandi gróður- og jarðvegseyðingu og framandi ágengum tegundum. Ágangur á náttúruauðlindir á sér stað á Snæfellsnesi líkt og annars staðar í heiminum og mikilvægt er að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika til lengri tíma, með formlegum hætti.

Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Á vettvangi samningsins var nýlega samið um að flatarmál verndarsvæða á landi og í hafi verði 30% fyrir árið 2030. Friðlýst svæði á Snæfellsnesi eru nú u.þ.b. 15% af flatarmáli svæðisins, eða u.þ.b. 203 km²



Lykilsvið 6
Verndun- og stjórnun
vistkerfa

Verndun vistkerfa og landnotkun

Svæði	km ²
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	183
Búðahraun	10.03
Bárðarlaug	0.436
Arnarstapi til Hellna	1.34
Melrakkaey	0
Eyjar í Breiðafirði*	6
Strandlengjan vegna verndar Breiðafjarðar**	2
Samtals	203

Tafla 1 Flatarmál friðlýstra svæða á og við Snæfellsnes. Heimild: Náttúruverndarstofnun.

* Flatarmál nær aðeins yfir þær eyjar og sker sem tilheyra sveitarfélögunum á Snæfellsnesi. Grófir útreikningar miðaðir við vefsíðu.

** Grófir útreikningar miðaðir við vefsíðu.

Engin verndarsvæði eru í sjó við Snæfellsnes en verndarsvæði Breiðafjarðar nær yfir fjörur fjarðarins austan Vallnabjargs á Snæfellsnesi að sunnanverðu og Ytraness á Barðaströnd að norðanverðu.

Markmið Snæfellsness er að vernda líffræðilega fjölbreytni, styðja við vöktun lífríkis, viðhalda og efla náttúrulegt gróðurfar og tegundir, hindra að ágengar tegundir breiði úr sér og takmarki líffræðilega fjölbreytni, viðhalda og styðja við atvinnuþróun þar sem líffræðileg fjölbreytni dafnar og efla rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni á Snæfellsnesi og í hafinu umhverfis og þeim þáttum sem ógna henni. Samstarf með fagaðilum og opinberum stofnunum er lykilatriði í markvissum verndaraðgerðum.



Lykilsvið 6
Verndun- og stjórnun
vistkerfa

Eftirfylgni



Sjálfbærni- og loftslagsstefna Snæfellsness er á ábyrgð sveitarstjórna, umhverfis- og skipulagssviðs, náttúruverndarnefnda sveitarfélaganna og verkefnastjóra umhverfismælinga EarthCheck vottunar á Snæfellsnesi. Markmið hennar og aðgerðaáætlana verða endurskoðuð árlega með tilliti til niðurstöðu gagna frá árinu á undan og hún uppfærð með þau til hliðsjónar og aðgerðum breytt eða bætt við ef við á. Stefnan er samþykkt af sveitastjórnun og upplýsingum um framvindu aðgerða og árangur miðlað á vefsíðum sveitarfélaganna. Í aðgerðaáætlun hvers og eins sveitarfélags er nánar tilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmd hvers og eins verkefnis.

Samstarf

Sjálfbærnimarkmiðum Snæfellsness fylgir ákveðin kerfisbreyting. Stefnur, samþykktir, framkvæmdir og fleira miða að því að fylgja sjálfbærnimarkmiðunum. Í því samhengi er náið samstarf með hagsmunaaðilum og íbúum lykilatriði og stuðlar að jákvæðri þróun.

Það er markmið Snæfellsness að vera leiðandi í sjálfbærni og fyrirmynd fyrir annars konar starfsemi.

Ferðaþjónusta og sjávarútvegur eru stærstu iðngreinarnar á Snæfellsnesi og að vissu leyti grunnstoðir samfélagsins. Það er því bæði dýrmætt og mikilvægt að hagsmunaaðilar í þeim geirum, jafnt sem öðrum, séu samstíga sveitarfélögunum. Þetta kallar á aukið samtal, skýrar stefnur og gagnsæi.



Tenging við núverandi skuldbindingar



Samkvæmt lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, skulu sveitarfélög vera með loftslagsstefnu. Sameiginleg sjálfbærni- og loftslagsstefna sveitarfélaganna uppfyllir það skilyrði laganna, auk þess að tengjast öðrum núverandi skuldbindingum. Meðal þeirra skuldbindinga eru EarthCheck umhverfisvottunarverkefni Snæfellsness, en sveitarfélögin hafa borið vottun frá árinu 2008, svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 auk Svæðisgarðsins Snæfellsness og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Nokkrir skólar á Snæfellsnesi eru í Grænánaverkefninu og náið samstarf er við Snæfellsjökulspjóðgarð og Náttúrustofu Vesturlands.



EARTHCHECK




United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization




Man and
the Biosphere
Programme



Snæfellsbær




Sveitarfélagið Stykkishólmur



Grundarfjarðarbær

Losun 2025
83 CO₂ tonn



Akstur

Akstur ökutækja í eigu Grundarfjarðarbæjar, og akstur frá akstursbók og bílaleigubílum, vegna starfsemi sveitarfélagsins.



Raforka

Raforka frá götulýsingu, höfn og stofnunum Grundarfjarðarbæjar, vegna kyndingar og almennrar rafmagnsnotkunar.



Úrgangur

Urðaður úrgangur er sendur í Fíflholt í urðun. Lífrænn úrgangur fer í jarðgerð í Snoppu, Stykkishólmi.



Olúkynding

Olúkynding í íþróttamannvirki Grundarfjarðarbæjar. Varmadælur hafa að mestu tekið við sem dregur mikið úr losun.




Flug

Flugferðir skráðar sem eru á vegum sveitarfélagsins.

Eyja- og Miklaholtshreppur

Losun 2025
28 CO₂ tonn



Akstur

Akstur á vegum sveitarfélagsins eða vegna starfsemi innan þess.



Raforka

Raforka frá stofnunum sveitarfélagsins.



Úrgangur

Allur urðaður úrgangur í Eyja- og Miklaholtshreppi (íbúa og sveitarfélags), sem útskýrir hátt hlutfall. Aðgreina þarf magnbólur vegna rekstur sveitarfélags og íbúa. Urðaður úrgangur er sendur í Fíflholt í urðun.